

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Davíð
konungur
(fyrri hluti)



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Hinn ungi Davíð var á flóttu. Sál
konungur vildi drepa hann.



Davíð hélt til í stórum helli í
eyðimörkinni ásamt fjögur hundruð
fylgismönnum
sínnum.



Stundum munaði litlu að hermenn
Sáls konungs fyndu þá, en Davíð hélt
hvergi kyrru
fyrir.



Dóeg, einn af þjónum Sáls, sagði konungi að prestarnir hefðu aðstoðað Davíð við að flýja. Sál skipaði fyrir að þeir yrðu líflátnir. Dóeg einn, hlýddi skipunum konungs.



Hann drap áttatíu og fimm presta og fjölskyldur þeirra á grimmdarlegan hátt með sverði sínu. Þetta var hræðilegt níðingsverk.



Dag nokkurn, er
Sál var að elta
Davíð, gekk
hann inn í helli
þar sem Davíð
og menn hans
höfðu falið
sig. Sál var
einn síns liðs.



Davíð hefði
auðveldlega
getað drepið
Sál í
hellinum.



Þess í stað
kraup hann niður og klippti
bút af flýk Sáls með
skörpum hnífi sínum.



Þegar Sál var
að fara, kallaði
Davíð til hans
og sagði,
"Þar sem



ég klippti aðeins bít af
frakkahorni þínu, ...




... en drap
þig ekki,
getur þú
séð, að í




mér býr hvorki
illska né móttprói ..."



Sál kvaðst sjá eftir að hafa reynt að gera Davíð mein. En ekki leið á löngu þar til hann fékk eitt reiðiskastið í viðbót, og sendi þrjú þúsund manna herlið til að drepa hann.



Nótt eina, á meðan hermennirnir
sváfu, læddust Davíð og Abísái,
einn af hermönnum hans, inná
tjaldstæðið þar sem Sál
var sofandi.





“Í dag hefur Guð
fært þér óvin þinn
upp í hendurnar,”
hvíslaði Abísái.
“Láttu mig nú reka
hann í gegn með
spjótinu og ofaní
jörðina, og ekki mun
ég þurfa að leggja
til hans tvisvar.”






Davíð mótmælti því.
Hann tók spjót Sáls og skjólu, og fór leiðar sinnar.
Davíð hrópaði frá hæð nokkurri í fjarska, svo Sál heyrði til hans. Enn einu sinni var Sál ljóst að Davíð hefði getað drepið hann.



Er þetta skeði hafði Samúel dáið.
Hann var spámaður Guðs sem Guð
hafði notað til að smyrja Sál
fyrst, og síðan Davíð sem
konung Ísrael. Þegar
Filistar réðust á Ísrael,
gerði Sál hræðilegan
hlut, eitthvað sem ekki
var Guði þóknanlegt.



Hann skipaði sœringakonu að kalla
fyrir sig á Samúel, úr stað hinna
dauðu. Þá um nóttina,
barst skeyti til
Sáls.



“... Drottinn hefur yfirgefið
þig, og er orðinn óvinur þinn.
Drottinn hefur tekið
konungdóminn úr höndum
þér og gefið hann nágranna
þínum, það er, gefið
hann til
Davíðs.



Á morgun munt þú og synir
þínir, vera hjá mér. Og
Drottinn mun gefa her
Ísraels í hendur Filista."
Þegar Sál heyrði þetta,
varð hann frá sér
numinn af
hræðslu.



Filistar börðust á móti
Ísrael, og Ísraelsmenn
flúðu.



Filistar drápu syni Sáls,
þar á meðal Jónatan,
hinn góða
vin Davíðs.



Sál var alvarlega særður
af bogamönnunum.

Þá sagði hann við
skjaldbera sinn,
"Drag þú sverð
þitt og þrýstu því í
gegnum mig, svo að
þessum illmennum
takist ekki að myrða
mig og misþyrma."




Skjaldberinn fylltist
hræðslu, og tók
ekki skipun
hans. Sál tók
sér sverð og
féll á það.





Er Filistar fundu lík
Sáls og sona hans,
hengdu þeir þau
upp á vegg í borg
einni sem þeir
höfðu hertekið
í Ísrael.





Nokkrir hugrakkir
Ísraelar tóku líkin
heim, brenndu þau,
og jörðuðu síðan
jarðneskar leifar
þeirra í Ísrael.






Þegar þessar hræðilegu fréttir
bárust Davíð, varð hann
sorgbitinn og táraðist
og fastaði til kvölds
til minningar um
Sál, Jónatan son
hans, og fólk
Drottins, því þeir
höfðu fallið fyrir
sverðinu.



Þó svo að Sál hafi reynt að drepa Davíð, þá virti Davíð Sál, sem hinn smurðaði af Guði til dauðadags.



Nú heiðraði Guð
Davíð, og gerði hann
að konungi, í
stað Sáls.



Davíð konungur (fyrri hluti)


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Fyrri Samúelsbók 24-31,
Síðari Samúelsbók 1-2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

